

# MidEastTruth

## Sannleikurinn um átökin í Mið - Austurlöndum

Gefðu þér fáeinar mínútur  
til að lesa eftirfarandi...

# 1. júní 2001

## Sjálfsmorðssprenging í Dolphin diskótekinu.



[21 unglungur var drepinn](#) og 120 særðust þegar sjálfsmorðs hryðjuverkamaður sprengdi sjálfan sig fyrir utan diskótek sem er nálægt Sædýrasafninu í Tel-Aviv. Hryðjuverkamaðurinn blandaði sér í stóran hóp unglunga, sem stóðu í biðröð. Síðan sprengdi hann sprengjuna, sem hann hafði fest við sig.

# Ísraelsstjórn sýndi stillingu

Palestínskir hryðjuverkahópar reyna daglega að drepa óbreytta borgara í Ísrael. Dag hvern, þá veltir almenningur því fyrir sér hvort hann lendi í:

Sjálfsmorðssprengingu  
Skothríð frá sprengjuörpum  
Skothríð þegar ekið er framhjá bílum

Verði fyrir földum sprengjum í:

Veitingahúsum  
Kaffihúsum  
Verslunarmiðstöðvum  
Strætisvögnum  
Stórmörkuðum  
Vatnsmelónum  
Gosdósum  
Ruslatunnum

# 9. ágúst 2001

Sprengja springur í miðri Jerúsalem, á pítsu-  
veitingastað, í hádeginu.



15 manns voru drepnir, þeirra á meðal 7 börn og um 130 særðust í sjálfsmorðssprenginunni á Sbarro pítsustaðnum.

# 5 fórnarlömbin voru úr sömu fjölskyldu (foreldrar og þrjú börn þeirra)



Mordechai  
Schijveschuurder, 43



Tzira  
Schijveschuurder, 41



Ra'aya  
Schijveschuurder, 14



Avraham Yitzhak  
Schijveschuurder, 4



Hemda  
Schijveschuurder, 2

Þau fóru saman á þennan fjölskylduveitingastað.

**Þau munu aldrei koma aftur!**

# Myndir af staðnum:



Sjálfsmorðshryðjuverkamðurinn lét lífið í sprengingunni.



**Stjórnandi hans var á lista yfir eftirlýsta hryðjuverkamenn, sem ísraelsstjórn afhenti palestínskum yfirvöldum tæplega viku áður.**

Bæði Hamas samtökin og Heilagt stríð (Islamic Jihad) sögðust bera ábyrgð á árásinni.



Á meðan, var mikill fögnuður...



Palestínumenn dönsuðu og dreifðu sælgæti í bæjum á Vesturbakkanum til að fagna árangri sprengjumannsins.

Er einhver möguleiki á **FRÍÐI**  
í Mið-Austurlöndum



# Til að svara því,

verðum við að spyrja hvort eftirfarandi fullyrðingar séu réttar eða rangar:

1. Palestínumenn vilja lifa í friði við hliðina á Ísrael.
2. Ísrael mun ekki binda enda á hersetuna og láta land í skiptum fyrir frið.
3. Arabar eru eins og Davíð í þessum átökum. Ísrael er Golíat, sem beitir óhóflegu valdi gegn palestínumönnum sem kasta steinum.

1

# Rétt eða Rangt?

Leiðtogar palestínnumanna vilja lifa í  
friði, við hliðina á Ísrael?



## Tvö ríki fyrir tvær þjóðir 1

**29. nóvember 1947:** Ályktun Allsherjarpings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 gerir kröfu um að breska umboðsstjórnarsvæðinu í Palestínu skuli skipt upp í ríki Gyðinga og ríki Araba.

Gyðingar í Palestínu samþykkja ályktunina, en henni er hafnað af Aröbum í Palestínu og af ríkjum Araba. Arabar hefja ofbeldisaðgerðir í Landinu helga nánast um leið.

**14. maí 1948:** Ísrael er stofnað sem lýðræðisríki þar sem íbúarnir hafa frelsi og ekki er gerður greinarmunur á fólki eftir trú, eða kynþætti. Ísrael óskar eftir friðsamlegri sambúð við arabíska nágranna sína.

**15. maí 1948:** Herir fimm arabaríkja í nágrenninu ráðast inn í hið nýja Ísraelsríki, sem hafði lýst yfir sjálfstæði sínu **daginn áður**. Innrásinni, sem hófst með loftárásum Egypta á Tel Aviv, er mætt með mikilli mótstöðu. Herir **Líbanons**, **Sýrlands**, **Íraks**, **Trans-Jórdaníu**, og **Egyptalands** ráðast inn í landið úr norðri, austri og suðri.

Ísrael heldur velli stríðinu.

**Palestínuvandamálið tekur á sig nýja mynd.**



Vegalengdir frá þéttbýlisstöðum í Ísrael að vopnahléslinum fyrir 1967

## Ríki palestínumanna?

### Takið eftir:

Fyrir sex daga stríðið, var Gazaströndin undir stjórn Egypta og Júdea & Samaría (svokallaður Vesturbakki) voru undir stjórn Jórdana.

Palestínumenn höfðu aldrei neina sjálfstjórn á þessum svæðum (eða nokkursstaðar yfir höfuð). Samt hófu þeir ekki uppreisn gegn Egyptalandi eða Jórdaníu.

### Minnist þess að PLO

(Frelsissamtök Palestínu) voru stofnuð árið 1964 – þremur árum fyrir sex daga stríðið.

Aðalmarkmið þeirra var (og er)

**að eyða Ísraelsríki!**



## Sex daga stríðið

Ísrael óskaði ekki eftir þessu stríði og var neytt út í það. Ísrael óskaði heldur ekki eftir því að yfirtaka landsvæði í nágrenninu, en neyddist samt til þess af hernaðar-ástandum.

En Ísrael sigraði í stríðinu, þótt við ofurefli væri að etja. Það var fyrst eftir sigur ísraelsmanna, að palestínumenn hófu ofbeldis- aðgerðir, til að ná fram sjálfstæði bæði á Gaza og Vesturbakkanum.



## Tvö ríki fyrir tvær þjóðir **2**

**25. júlí árið 2000 - Camp David**

Í Camp David, kom Clinton forseti með tillögu til að binda endi á deilur Araba og Ísraels. Samkvæmt tillögunni, átti Ísrael að láta af hendi um það bil 96% af herteknu svæðunum og að auki um það bil 3% af landi í Ísrael. Palestínumenn áttu að fá sjálfstætt ríki, með Austur-Jerúsalem sem höfuðborg. Barak forsætisráðherra Ísraels samþykkti tillöguna.

**Arafat og aðstoðarmenn hans höfnuðu henni!**

**Palestínumenn komu ekki með neina gagn tillögu. Þeir báðu ekki einu sinni um útskýringar, en hófu í staðinn vopnaða baráttu, sem hefur leitt til blóðbaðs og sameiginlegra hörmunga bæði fyrir Palestínumenn og Gyðinga.**

**Þarna var Palestínumönnum enn á ný boðið sjálfstætt ríki við hliðina á Ísrael. Enn á ný, höfnuðu þeir boðinu.**

Þjóðarleiðtogar í heiminum og þeir sem voru viðstaddir í Camp David – þeirra á meðal **Clinton** forseti, Dennis **Ross**, og James **Rubin** — sökuðu **Arafat** um að hafa valdið því að leiðtogafundurinn í Camp David **misheppnaðist**.

**Clinton sagði við Arafat: “Þetta er allt þér að kenna.”**

*Newsweek, 27. júní 2001*



## Aðferð PLO – lygar á lygar ofan.



Hér er dæmi um þá áróðursaðferð, sem Arafat hefur beitt aftur og aftur — eftir því sem lygin er stærri og endurtekin oftast og oftast, þá er hægt að afvegaleiða fleiri og fleiri. Það er aðeins ein vörn gegn stórkostlegri lygi og það er sannleikurinn.

**Nokkrar tilvitnanir.....**

**“Samkvæmt áfangaáætlun okkar, þá munum við setja upp palestínskt ríki, á sérhverju landsvæði í Palestínu, sem óvinurinn hörfar frá. Palestínuríkið, verður skref í langvarandi baráttu okkar, fyrir því að frelsa öll landsvæði í Palestínu eins og þau leggja sig.”**

Abu Iyad, næstur í tign á eftir Arafat, árið 1988

**“Þegar ríki palestínnumanna hefur fengið viðurkenningu frá flestum ríkjum í heiminum, eins og við má búast, þá verður vera ísraelsmanna á landsvæðum palestínnumanna ólögleg og við munum berjast fyrir þessu með vopnavaldi. Hernaðurinn gegn sveitum ísraelsmanna, er réttur sem við eigum.”** Farouk Radoumi,

yfirmaður diplómataskrifstofu PLO í viðtali við palestínskt dagblað, AL HAYAT AL-JADEEDA, 15. október 1998

# Fleiri tilvitnanir...

**“Þetta er Palestína, frá ánni (Jórdan) að Miðjarðarhafi, frá Rosh Hanikra til Rafah (á Gaza) . Bilið milli væntinga palestínnumanna og samsæris Ísraels, mun óhjákvæmilega leiða til áreksturs.”**

“Staða okkar” gefið út af Fatah, samtökum Yassers Arafats innan PLO, í dagblaði palestínnumanna AL HAYAT AL-JADEEDA, 19. desember 1998.

**“...Bæði Austur- og Vestur- Jerúsalem er “waqf” [þ.e. eign til afnota í þágu trúarinnar — Islam] . . Þetta á ekki aðeins við um Jerúsalem, heldur alla Palestínu eins og hún leggur sig. Palestína er islömsk trúareign (waqf) og það er ekki hægt að líða það að “waqf” sé í eigu annarra en múslima.”**

Sheik Ikrema Sabri, sem Arafat's skipaði múfta í Jerúsalem, í viðtali 10. júní 1998 við IMRA fréttabjónustuna.

**“Land múslima, Palestína er ein heild, sem ekki er hægt að skipta upp. Það er enginn munur á borgunum Haífa og Síkem (Nablus) , eða Lod og Ram Allah, né Jerúsalem og Nasaret . . . landið Palestína er heilög eign (waqf), til hagnýtingar fyrir alla múslima, í austri og vestri. Það hefur enginn rétt til skipta landinu, eða láta það af hendi. Frelsun Palestínu, er ekki aðeins skylduverkefni palestínsku þjóðarinnar, heldur er þetta skylda allra íslamskra þjóða.”**

Flutt á bænastund, sem var útvarpað beint á útvarpsstöð palestínnumanna, 30. apríl 1999

**“Samningarnir í Osló voru  
aðeins Trójuhestur.  
Markmiðið er frelsun Palestínu  
frá ánni [Jórdan] að  
[Miðjarðar] hafi”**

**Faysal Al-Husseini**, ráðherra málefna Jerúsalem, í  
palestínustjórninni, í viðtali við 'Al-Arabi' dagblaðið (í  
Egyptalandi), **24. júní 2001**



## Hið opinbera sjónvarp palestínumanna sendir út hvatningar um að drepa bæði Gyðinga og Bandaríkjamenn

"Við munum ekki gefa eftir eitt gramm af palestínskri jörð, frá **Haífa** og **Jaffa**, eða **Acco** og Mulabbas [**Petah Tikva**], né Salamah og Majdal [**Ashkelon**], né neitt af landinu. Ekki heldur á Gaza eða Vesturbakkanum."

"Allah, höndla þú **Gyðingana**, óvini þína og óvini Islam. Höndla þú hina kristnu, og **Ameríku** og **Evrópu** sem er að baki þeim, ó Drottari heimanna."

"**Sýndu Gyðingunum enga miskunn**, burséð frá því hvar þeir eru, í hvaða landi sem er. Berstu gegn þeim, hvar sem þú ert. Hvar sem þú mætir þeim, **dreptu þá**. Hvar sem þú ert, **dreptu þessa Gyðinga** og líka þessa **Ameríkana** sem eru eins og þeir – og þeir sem styðja þá – þeir eru allir í einni fylkingu, gegn Aröbum og múslimum – því þeir stofnuðu Ísrael hér, í miðju hjarta arabaheimsins, í Palestínu. Þeir stofnuðu það til þess að vera úrvörður menningar sinnar – og fylkingarbrjóst herafla þeirra og til að vera sverð Vestursins og krossfaranna, sem hangir yfir hálsi eingyðistrúarmanna, múslimanna í þessum löndum. Þeir vildu að Gyðingarnir yrðu spjótsoddur þeirra."

-- Dr. Ahmad Abu Halabiya, meðlimur í Fatwa ráði palestínustjórnarinnar, 13. október 2000

**Hin opinbera sjónvarpsstöð  
Palestínumanna, er studd  
fjárhagslega bæði af  
Bandaríkjunum og  
Evrópusambandinu!**

Tökum Ikrema Sabri (hann er nú múfti í Jerúsalem) sem dæmi. Í júlí árið 1997, þá hvatti Sabri opinberlega til ofbeldisverka gegn ísraelskum **Gyðingum** - “nýlendu-landnemum sem eru **synir apa og svína.**” Hann ákallaði Allah að “**refsa**” þeim (og í kaupbæti að “**eyða Ameríku**, því að hún er undir stjórn sionískra Gyðinga”).

Í sumar sem leið, þá orsakaði múftinn mikið írafár, vegna tillögu um að Gyðingar fengju að biðja á Musterishæðinni. Hver einasta “gyðingleg bæn,” hótaði hann, mundi þýða “**fjöldadráp, sem aðeins Allah, vissi hversu fjölmenn yrðu...fjöldadráp og fljót af blóði.**” Viðbrögð palestínsku stjórnarinnar? Hún lét prenta ræðu hans í Al Hayat Al Jadidah, opinberu dagblaði palestínsku stjórnarinnar.

Blint hatur múftans á Gyðingum, kemur fram aftur og aftur í öllum palestínskum fjölmiðlum.

Ef að kveikt er á sjónvarpinu – sést múftinn bjóða “**blessun til handa hverjum þeim sem tekur frá byssukúlu sem ætluð er höfði Gyðings.**” Ef pósturinn er opnaður – þá er þar að finna bréf a frá Arafat þar sem hann segir að hryðjuverkamennirnir í Tel Aviv diskótekinu, séu “**fyrirmynd karlmennsku og fórnar.**” Ef barn er sent í sumarþúðir palestínsku stjórnarinnar, þá lærir barnið að þeir sem **myrða Gyðinga eiga tryggja vist á himni.**

— The *Boston Globe*, 23. ágúst 2001

# 11. september 2001

## Árás á Bandaríkin



Í skelfilegri sjálfsmorðsárás gegn Bandaríkjunum, þá tókst hryðjuverkamönnum að fljúga farþegaþotum á World Trade Center og Pentagon og drepa þannig þúsundir af saklausu fólki.

# Heimsbyggðin varð fyrir áfalli

En mitt í áfallinu, þá kemur upp hin mannlega eðlishvöt, að gera eitthvað. Í Ísrael, þá hafði fólk innan nokkurra klukkustunda, farið í biðröð til að gefa blóð. Fólk kveikti á kertum, syrgði hina látnu og aðrir drógu Bandaríska fánann að húni. Síðan var lýst yfir þjóðarsorg og allir íraelskir fánar voru dregnir í hálfu stöng, sem merki um virðingu og samúð. Ríkisstjórn Ísraels, var með þeim fyrstu, sem bauð aðstoð björgunarsveita, til að hjálpa til við björgunarstarfið. Götum í Tel-Aviv og Jerúsalem voru gefin ný nöfn, “Pentagon Rd.” og “New York St.”.





# Almenningur í Ísrael lagði sitt af mörkum



# En sumt fólk var ekki sorgmætt



Meðan tugir þúsunda í London, Ottawa, Tel-Aviv og Moskvu syrgðu, gáfu blóð og tóku þátt í samkomum til stuðnings Bandaríkjunum, þá gerðist það á Vesturbakkanum, í Austur-Jerúsalem og í Líbanon að þúsundir palestínnumanna dönsuðu, fögnuðu og hrópuðu “**guð er mikill**”, skutu upp í loftið og dreifðu sælgæti til barna.



“...þær þúsundir á þúsundir ofan, af venjulegum Bandaríkjamönnum, sem í fyrradag var svipt frá fjölskyldum sínum og vinum, frá vandasömum verkefnum og góðum verkefnum, frá gleðiefnum og erfiðleikum – **dauða þessara Bandaríkjamanna var fagnað á götum Palestínu og annarsstaðar í Arabaheiminum,** heimi þar sem fólk er í fjötrum hugarfars, efnahagsvandamála og misheppnaðra þjóðfélaga. Þetta fólk mun óafvitandi fara í sögubækurnar sem mikilvæg og hörð lexía í því, **að það er mjög raunveruleg illska í þessum heimi og hana er ekki hægt að líða. Gegn henni verður að berjast** og það sorglega er, að baráttan verður bæði langvinn og hörð.”

*The New Republic, 13. september 2001*



Sérhver sanngjarn, heiðarlegur einstaklingur ætti að spyrja

## **HVERS VEGNA?**

Hvers vegna er þetta fólk að fagna yfir því að fjölmargt saklaust fólk hefur látið lífið? Hvernig geta þau verið svo ánægð, aðeins vegna þess að bandarískir borgarar deyja?

Hvaðan kemur allt þetta hatur

?




Bandaríkjamenn spyrja: **“Hvers vegna hata þeir okkur?”**

Þeir hata það sem þeir sjá í þessum þingsal: Lýðræðislega kjörna stjórn landsins. Leiðtogar þeirra eru sjálfskipaðir. **Þeir hata frelsi okkar: Trúfrelsi, málfrelsi, frjálsar kosningar, fundafrelsi og frelsi okkar til að vera ósammála innbyrðis.**

Þeir vilja steypa núverandi ríkisstjórnnum í fjölmörgum ríkjum múslima, svo sem stjórnnum Egyptalands, Saudi Arabíu og Jórdaníu. **Þeir vilja reka Ísrael burt út Mið-Austurlöndum.** Þeir vilja fjarlægja bæði kristna menn og Gyðinga, af stórum landsvæðum í Asíu og Afríku.

*- George W. Bush, 20. september 2001*

# Misbeiting barna





**Palestínsk börn ganga á bandarískum og ísraelskum fánum í herþjálfunarbúðum.**

## Í palestínskum sumarbúðum...

Það er engin tilviljun, að palestínsk börn sjást sí og æ, þegar uppþot eiga sér stað. Palestínska stjórnin, hefur viljandi þjálfað palestínsk börn, til að vera í fremstu víglínu í baráttunni gegn Ísrael og oft eru þau notuð sem skjól fyrir palestínskar leyniskyttur. Forsenda þess, hvernig tekist hefur að fá palestínsk ungmenni til að taka þátt í vopnaðri baráttu, er hinn mikli og langvinni áróður palestínsku stjórnarinnar í skólum, fjölmiðlum og sumarbúðum. Markmiðið er að innræta og ala æsku landsins upp í því viðhorfi, að þeim beri að stunda vopnað stríð gegn Ísrael.

# Kennsluaðferðir palestínsku stjórnarinnar





# Úr skólabókum palestínumanna...

Friður við Ísrael er ekki settur fram sem markmið, eða talinn möguleiki yfirleitt. Forðast er að minnast á þær friðarviðræður, sem átt hafa sér stað. Á einum stað er reyndar minnst á friðarsamningana í Osló, en þeir séu aðeins áfangi í ferli, sem hafi það markmið að PLO “endurheimti Palestínu”.

Í skólabókunum er forðast að ræða deilurnar sem staðið hafa um Vesturbakkann og Gazaströndina, sem Ísrael hefur ráðið yfir frá 1967 og alþjóðasamfélagið hefur talið vera undirrót palestínuvandans. Palestínska stjórnin, kennir börnunum að vandamálið sé ekki yfirráð Ísraels yfir Vesturbakkanum og Gaza, **heldur tilvera Ísraelsríkis.**

**“Ég vil taka sál mína og varpa henni í hyldýpi dauðans.  
Annað hvort líf, sem gleður vini eða dauði sem vekur óvininum reiði.  
Hin heiðvirða sál hefur tvö markmið: Að deyja með sæmd og öðlast  
varanlegan orðstír.”**

—“*Söngvar píslarvottsins*”, lesbók í arabísku fyrir **fimmta bekk**, bls. 60

## Niðurstaða

Ég dró þá ályktun að hann [Arafat] væri ófær um að gera varanlegt samkomulag. Hann gæti aldrei vænst þess að ná betri niðurstöðu, en þeirri sem Clinton lagði á borðið [málamiðlunartillögur sem lagðar voru fram í desember 2000] og hann [Arafat] vildi ekki samþykkja.

Dennis Ross samningamaður, í júní 2001

2

# Rétt eða rangt?

Ísrael mun ekki binda enda á herasetuna og láta land í skiptum fyrir frið.

# Er Ísrael tilbúið til að afsala landi fyrir frið?



Friðarsamningar  
Ísraels og Egypta



Friðarsamningar Ísraels  
og Jórdaníu



Israel lét Sinaiskaga af hendi eftir friðarsamningana við Egypta

Ísrael er tilbúið til að leggja mikið í sölurnar fyrir **raunverulegan** frið.

Lítum aðeins á það landsvæði, sem Ísrael lét **sjálfviljuglega** af hendi, í staðinn fyrir friðarsamkomulag við Egypta, þar á meðal voru margar byggðir ísraela og ýmsar auðlindir.

*(Sínaískagi – í brúnum lit).*  
Ísrael þurfti að fórna miklu, í skiptum fyrir frið, bæði við egypta og jórdani.

Ísrael er **eina lýðræðisríkið** í Mið – Austurlöndum.

Ísrael er **eina** landið í Mið – Austurlöndum, þar sem allir þegnar landsins búa við **mannréttindi**, bæði **Gyðingar, Arabar** og aðrir.

Ísrael er **eina** landið í Mið – Austurlöndum, þar sem eru **frjálsir fjölmiðlar**.

Ísrael er **eina** landið í Mið – Austurlöndum, þar sem **konur** hafa **jafnrétti**.

Ísrael vill ekkert frekar, en að hafa **FRIÐ** og er tilbúið til að fórna miklu fyrir **raunverulegan** og varanlegan frið.



Ísrael er eina landið í heiminum, sem þarf að verja sig gegn sjálfsmorðsárásum, þar sem markmiðið er að eyða Ísrael. Baskar á Spáni eða IRA á Írlandi beita ekki sjálfsmorðsárásum og markmið þeirra er ekki heldur að eyða Spáni eða Englandi.

**Ísrael er einnig fjarri því að vera nýlenduríki.** Ísrael fór ekki að leita eftir nýju landrými til að leggja undir sig, líkt og Evrópuríkin gerðu. Ísrael er aðeins að **verja sjálft sig, eina ríki Gyðinga í heiminum.** Ísrael er ekki að berjast fyrir fjarlægum hernaðarhagsmunum, eins og Bandaríkin í Írak eða fyrir nýjum landsvæðum eins og rússar í Tétsnú. **Ísrael er að berjast fyrir öryggi íbúa sinna og tilveru sinni,** gegn óvini, sem reynir að eyða íbúum landsins.



Þetta eru mennirnir,  
sem vilja **eyða Ísrael.**



Þeir eru **hættulegir**,  
ekki aðeins fyrir Ísrael,  
heldur fyrir allan hinn  
**frjálsa heim.**





**Ef ísraelsmenn gætu treyst fyrirætlunum palestínumanna**, þá væru þeir tilbúnir að yfirgefa herteknu svæðin og einbeita sér að því, að byggja upp land sitt innan viðurkenndra landamæra. Sem stendur er þetta er óframkvæmanlegt, vegna hegðunar palestínumanna. Leiðtogar palestínumanna, **ógna tilveru Ísraels**. Með gerðum sínum, lýsa þeir því yfir, að **hernaðarofbeldi**, sé þeirra aðferð til að leysa málin, ásamt þeirri staðreynd, að aldrei hefur verið hægt að treysta neinu samkomulagi við þá. **Undir þessum kringumstæðum**, þarf engan að undra, þótt það sé þungt hljóð í ísraelskum almenningi, yfir þeim morðum og blóðsúthellingum sem saklausir borgarar hafa þurft að þola í Ísrael.

# 3

## Rétt eða rangt?

Arabar eru Davíð í þessum deilum. Ísrael er Golíat, sem beitir óhóflegu valdi gegn palestínumönnum, sem kasta steinum.

# Talandi um Davíð og Goliát...



1:22 múslimaríkjum

1:50 miðað við mannfjölda

1:800 miðað við landrými


**Og við höfum ekki minnst á olúna...**

# Er Ísrael virkilega Golíat?

Meiri samanburður:



# Aðeins grjót???





Hinn 7. maí 2001, fundu ísraelskir varðbátar skip hlaðið vopnum er stefndi á höfn, sem palestínumenn hafa aðgang að. Einnig kom í ljós, að þetta var að minnsta kosti í þriðja sinn, sem þetta skip átti að losa vopnafarm á svæðinu.

Vopnin sem fundust, voru mis öflug, allt frá ungverskum Kalashnikov rifflum og skotfærum, upp í SA-7 Strella eldflaugar og 107 mm Katyusha eldflaugar ásamt skriðdrekasprengjum. Önnur vopn á þessu líbanska skipi, voru það langdræg, að með þeim hefði verið hægt að skjóta á Tel Aviv.

**Samkvæmt Oslóarsamkomulaginu, er palestínumönnum óheimilt að hafa undir höndum sprengjuvörpur eða eldflaugar!**

“Við getum fyrirgefið Aröbum, að þeir drepa börnin okkar. Við getum ekki fyrirgefið þeim, að þvinga okkur til að drepa börnin þeirra.”

Golda Meir



“Við munum hafa frið við Araba, þegar þeir elska börnin sín meira, en þeir hata okkur.”

Golda Meir

## Þakklæti fyrir heimildir frá:

### [The Center for Monitoring the Impact of Peace, \(CMIP\)](#)

Félagsskapur, stofnaður 1998 í New York. Tilgangurinn er að hvetja til og þróa friðsamleg samskipti milli einstaklinga og þjóða.

### [The Middle East Media and Research Institute \(MEMRI\)](#)

Óháð stofnun, sem var sett á laggirnar í febrúar árið 1998, til að rannsaka pólitísk mál í Mið – Austurlöndum og átök araba og Ísraels. Stofnunin er staðsett í Washington.

### [Project One Soul](#)

Project One Soul, hefur starfað síðan í nóvember árið 2000, sem óháð samtök og hefur þróast yfir í að vera víðfeðm keðja af einstaklingum, sem óska eftir friði meðal þjóða.

### [Christian Action for Israel](#)

Markmið samtakanna, er að vinna gegn vaxandi og eyðileggjandi Gyðingahatri, svo og gegn rangtúlkunum og andgyðinglegri fréttastefnu helstu fjölmiðla.

### [The Jewish Virtual Library](#)

Samvinnuverkefni Bandaríkjamanna og Ísraels. Safn upplýsinga um sögu Gyðinga, Ísrael, samskipti Bandaríkjanna og Ísraels, helförina, gyðingahatur og gyðingdóm.

**Vinsamlega senda þetta efni, til eins margra og þú hefur tök á.**